



Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Pósthólf 214
211 Garðabæ

Sími: +354 565 7373
Netfang: gkg@gkg.is
Veffang: www.gkg.is

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7

210 Garðabæ

Garðabæ 08.08.2018

Efni: Uppbygging á golfsvæði GKG við Vífilsstaði

Með erindi þessu vísum við til viljayfirlýsingar sem kynnt var í bæjarráði þann 15. maí síðastliðinn.

Í henni kemur fram að GKG muni missa úti æfingarsvæði (þ.e. núverandi skotsvæði) en það svæði fer undir nýtt fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri. Í stað þessa svæðis er áætlað að byggja viðbyggingu við núverandi íþróttamiðstöð GKG með 20 Trackman golfhermum, en áætluð stærð viðbyggingar er um 600-700 fermetrar. Þrátt fyrir missi á útiskotsvæði sem nýtist sérstaklega vel yfir sumarið og er mikilvægur þáttur í starfi klúbbsins, þá er það mat fulltrúa GKG að viðbygging bjóði upp á nýja möguleika fyrir starf félagsins sem vega það upp.

Áætlaður byggingartími á viðbyggingu er innan við eitt og hálft ár. Mögulega þarf að gera bráðabirgðaaæfingarsvæði fyrir sumarið 2019 þar sem umsókn um byggingaleyfi þarf að fara í formlegt ferli innan stjórnslu Garðabæjar.

Í ljósi þess að það styttest í framkvæmdir þá þarf Garðabær að huga að eftirfarandi:

- Veita okkur heimild til að hefja hönnunarvinnu á viðbyggingu ásamt bráðabirgðaaðstöðu ásamt kostnaðargreiningu og áætlun.
- Að taka þarf tillit til framangreinds við gerð fjárhagsáætlunar 2019

Við vekjum jafnframt athygli á því að í viljayfirlýsingunni er stefnt að gerð heildarsamnings um framtíðarskipan svæðisins.

Fh. GKG

Agnar Már Jónsson